

AKUREYRARBÆR
Mótt.: 12.07.2013
Málsnr.: 2013070061
Lykill: 01-020



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 150 Reykjavík  
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340  
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 10. júlí 2013  
Tilv.: IRR13030121/8.13.0

Efni: Þjónusta við hælisleitendur

Innanríkisráðuneytið fer með yfirstjórn í málefnum hælisleitenda. Undanfarið hefur umsókn um hæli á Íslandi fjölgað talsvert og málsmeðferðartími stjórnvalda hefur lengst. Til þess að bregðast við þessu efndi ráðuneytið til sérstaks átaks í búsetu- og stjórnsýslumálum hælisleitenda sem miðar að því að stytta málsmeðferðartíma og bæta stjórnsýslu.

Liður í átaksverkefninu er að leita eftir samstarfi við sveitarfélög um þjónustu við hælisleitendur. Frá árinu 2004 hefur Reykjanesbær annast þjónustuna samkvæmt samningi við Útlendingastofnun og er almenn ánægja með þjónustu sveitarfélagsins. Vegna fjölda hælisleitenda er þörf á að gera samninga við fleiri sveitarfélög en Reykjanesbæ og með bréfi þessu vill ráðuneytið kanna áhuga sveitarfélaga á að koma að þjónustu við hælisleitendur í samstarfi við ríkið.

Ráðuneytið mun fela Útlendingastofnun að ganga til samninga við áhugasöm sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að samningar verði tvönnis konar. Annars vegar samningar þar sem kveðið er á um að sveitarfélag tryggi búsetu og umönnun tiltekins fjölda hælisleitenda hverju sinni og hins vegar opnari samningar þar sem ekki væri kveðið á um tiltekinn fjölda hælisleitenda heldur geti Útlendingastofnun eftir atvikum leitað til sveitarfélagsins.

Bæði samningsformin fela í sér sambærilega þjónustu gagnvart hælisleitendum. Í því felst að sveitarfélag útvegar hælisleitendum húsnæði, veitir tiltekna félagslega þjónustu og annast greiðslu dagpeninga til framfærslu. Leitað verður eftir samstarfi við Rauða krossinn á hverjum stað. Stefnit er að því að málsmeðferðartími verði að jafnaði ekki lengri en sex mánuðir.

Þess er vænst að sveitarfélög sem áhuga hafa á að koma að samstarfinu tilkynni um það eigi síðar en 12. september n.k. Nánari upplýsingar veitir Hólmfríður Sveinsdóttir verkefnisstjóri átaks í búsetu- og stjórnsýslumálum hælisleitenda í síma 545 9000 og á netfangið [holmfridur.sveinsdottir@irr.is](mailto:holmfridur.sveinsdottir@irr.is).

Fyrir hönd ráðherra

Ragnhildur Hjaltadóttir

Hermann Sæmundsson